

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2012****2012/EES/50/16****frá 30. apríl 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/3/ESB frá 1. febrúar 2010 um breytingu á III. og IV. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga þá að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32010 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/3/ESB frá 1. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 29, 2.2.2010, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/3/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 26.

(²) Stjtið. ESB L 29, 2.2.2010, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.